



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 1/2021

Fullyrðingar Kiwisun um virkni ljósabekkja

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Varda ehf., rekstraraðila Kiwisun, dags. 17. júlí 2020, var greint frá því að stofnuninni hafi borist ábending vegna fullyrðinga í kostaðri kynningu félagsins sem birtist á vefsíðu Kvinnablaðsins þann 12. júlí 2020. Jafnframt var greint frá því að skoðun Neytendastofu hafi leitt í ljós að upplýsingar vanti um þjónustuveitanda á vefsíðu félagsins kiwisun.is. Í bréfinu var vakin athygli á ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 1., 3., 5., 6. og 7. tölul 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Í bréfinu var farið fram á að Vardi færði sönnur á eftirfarandi fullyrðingar sem fram komu í kostaðri kynningu félagsins á vefsíðu Kvinnablaðsins:

„Notuð er 3UV ljós, sem verja húðina gegn bruna og brúnkan verður áferðarfalleg og endist lengi. Lamparnir framleiða meira en aðrir, auka endorfín og hjálpa til við að jafna húðina. Einnig eru grænu ljósin streitulosandi, þannig upplifunin er róandi og þægileg.“

Jafnframt var farið fram á að Vardi færði sönnur á eftirfarandi fullyrðingar sem fram komu á vefsíðu félagsins, kiwisun.is:

„Við notum 3UV ljós, sem vernda húðina frá bruna og lofa langvarandi náttúrulegum húðlit. Lampar okkar veita meira D-vítamín, auka endorfín og hjálpa við ójöfnuð í húð. Græna ljósið dregur einnig úr streitu, svo við lofum afslappandi og hugarfarandi upplifun.“

2.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti þann 19. ágúst 2020. Í svarinu kemur fram að um hafi verið að ræða fullyrðingar sem félagið gæti ekki staðið við og því hafi öllu verið breytt á



heimasíðu og Facebook síðu félagsins. Félagið ráðleggi fólki eftir litarhafti og hvort að það sé viðkvæmt fyrir sól, oftast fari því fólk í færri mínútur en það upphaflega hafi ætlað sér. Hvað varði rekstrarleyfið að þá hangi það uppi á vegg eins og kröfur heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur geri ráð fyrir, hins vegar sé ekki mögulegt að setja inn myndir á heimasíðu félagsins þar sem upplýsingar um félagið er skráð. Óskað var eftir frekari leiðbeiningum vegna þessa.

3.

Í tölvupósti Neytendastofu til Varda þann 1. september 2020, kom fram að upplýsingar um þjónustuveitanda hafi verið uppfærðar. Hvað varði upplýsingar um leyfi að þá telji stofnunin fullnægjandi að vísa með texta til þess að félagið starfi samkvæmt leyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Þá benti stofnunin á að eftirfarandi fullyrðingar mætti finna á vefsíðu félagsins, kiwisun.is:

„Lamparnir okkar veita meira D-vítamín, auka endorfín og hjálpa við ójöfnuð í húð. Græna ljósið dregur einnig úr streitu svo þú getur fengið slakandi og hugarróandi reynslu.“

Minnti Neytendastofa á ákvæði 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 eins og vakin hafði verið athygli á í bréfi stofnunarinnar dags. 17. júlí 2020.

Í tölvupósti Varda til Neytendastofu þann 16. september 2020 kom fram að gerðar hafi verið breytingar á vefsíðu félagsins.

4.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 28. september 2020, kom fram að enn vanti upplýsingar um leyfi þjónustuveitanda. Þá hafi einnig verið að finna eftirfarandi fullyrðingar á vefsíðu félagsins, kiwisun.is:

„Sólbekkirnir okkar innihalda ekki kvars halógenljós, sem láta ljósið líða vel og þægilegt. Við notum 3UV grænt ljós, sem getur búið til langvarandi og náttúrulegan húðlit. Lamparnir okkar veita D-vítamín, auka endorfín og hjálpa við ójöfnur í húð.“

Græni liturinn á ljósinu getur dregið úr streitu, þannig að þú getur fengið afslöppun og hugarróandi reynslu.“

Óskað var eftir sönnunum fyrir fullyrðingum auk annarra skýringa eða athugasemda sem Vardi óski eftir að koma á framfæri.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti þann 1. október 2020. Í tölvupóstinum kom fram að sólarlamparnir séu ekki með quartz halogen ljós. Hvað varði 3UV ljós að þá fylgdi í viðhengi samræmisyfirlýsing sem sanni að um sé að ræða 3UV lampa. Búið sé að fara í



gegnum lögboðið ferli hjá Geislavörnum Ríkisins sem áframsent hafi verið Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur sem hafi síðan gefið út starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum. Hvað varði D-vítamín að þá sé félagið ekki að fullyrða neitt sem ekki sé áður rannsakað og sannað. Hvað varði græna ljósið að þá sé ekki verið að fullyrða neitt sem ekki sé sannað. Þá hafi viðskiptavinir félagsins lýst reynslu sinni af græna ljósinu sem sé í samræmi við umræddar fullyrðingar. Hvað varði rekstrarleyfið að þá fari engin rafræn viðskipti fram á síðunni en samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/20020 eigi þau eingöngu við rafræn viðskipti og þjónustu og því falli félagið ekki undir lög.

5.

Með bréfi Neytendastofu til Varda, dags. 23. október 2020, tilkynnti stofnunin um að gagnaöflun væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að fullyrðingum Varda ehf., rekstraraðila Kiwisun, í kostaðri kynningu félagsins á vefsíðu Kvennablaðsins og fullyrðingum félagsins á vefsíðu þess, kiwisun.is. Þá hefur Neytendastofa gert kröfur um að félagið veiti fullnægjandi upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðu þess. Vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ásamt 1., 3., 5., 6. og 7. tölul 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Í svörum Varda hefur komið fram að félagið sé ekki að fullyrða neitt sem ekki hafi áður verið rannsakað og sannað varðandi D-vítamín. Hvað varði græna ljósið að þá sé jafnframt ekki verið að fullyrða neitt sem ekki sé rannsakað og sannað. Þá telji félagið að ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2020, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, eigi ekki við um starfsemi þess enda fari þar ekki fram rafræn viðskipti.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.



Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

3.

Skoðun Neytendastofu á vefsíðu Varda, kiwisun.is, þann 19. janúar leiddi í ljós að viðeigandi úrbætur höfðu verið gerðar á upplýsingum um þjónustuveitanda. Verður því ekki fjallað nánar um þann hluta málsins.

Fyrir liggur að Vardi hefur í markaðssetningu notað ýmsar fullyrðingar um virkni ljósabekkjja sem félagið býður viðskiptavinum sínum upp á. Skoðun Neytendastofu á fullyrðingum Varda leiddi í ljós að 3UV ljós geti leitt til aukinnar framleiðni D-vítamíns í líkamanum. Af þeim sökum telur Neytendastofa að fullyrðingar Varda um D-vítamín séu fullsannaðar og ekki tilefni til frekari athugasemda. Hvað varðar aðrar fullyrðingar félagsins, bæði í kostaðri kynningu á vefsíðu Kvennablaðsins og á vefsíðu félagsins, kiwisun.is, að þá hefur Vardi ekki lagt fram nein gögn til að færa sönnur á fullyrðingarnar og eru þær því ósannaðar, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Að því virtu telur Neytendastofa að ofangreindar fullyrðingar veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar. Þá telur Neytendastofa að upplýsingarnar séu til þess fallnar að valda því að hinn almenni neytandi sem auglýsingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Vardi hefur því brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005 með birtingu þeirra.



Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna Varda að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

III.

Ákvörðunarorð:

„Vardi ehf., Borgartúni 22, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með birtingu eftirfarandi fullyrðinga í markaðssetningu félagsins:

„Notuð er 3UV ljós, sem verja húðina gegn bruna og brúnkan verður áferðarfulleg og endist lengi. Lamparnir framleiða meira en aðrir, auka endorfín og hjálpa til við að jafna húðina. Einnig eru grænu ljósin streitulosandi, þannig upplifunin er róandi og þægileg.“

„Við notum 3UV ljós, sem vernda húðina frá bruna og lofa langvarandi náttúrulegum húðlit. [...] auka endorfín og hjálpa við ójöfnuð í húð. Græna ljósið dregur einnig úr streitu, svo við lofum afslappandi og hugarfarandi upplifun.“

„Græna ljósið dregur einnig úr streitu svo þú getur fengið slakandi og hugarróandi reynslu.“

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Varda ehf. að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 1. febrúar 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir